

Ed.

24. Frumvarp

til laga um einkarjett til verslunar með smjör og tólg.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

1. gr.

Meðan Norðurálfuófríðurinn stendur heimilast landsstjórninni einkarjettur til verslunar með smjör og tólg, og gerir hún nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi með reglugerð eða reglugerðum. Undanþegið einkarjettarheimild þessari er þó smjör og tólg, er framleiðandi getur selt beint til neytanda, enda sje það ekki meira en neytandi þarf til eigin heimilis.

2. gr.

Í hverri sveit skal skipaður umsjónarmaður smjörverslunar, launaður með 1% af verði smjörs þess, er sveitamenn selja fyrir hans milligöngu. Umsjónarmaður safnar skýrslum fyrir 20. júní um það, hve mikið smjör sveitammenn væntanlega hafa til sölu fram að lokum septembermánaðar, og hve mikið af því muni ganga undir einkarjettarverslun landsstjórnarinnar. Skulu skýrslur um þetta sendar til stjórnar landsverslunarinnar svo fljótt, sem verða má, en hún ráðstafar síðan smjörinu eftir samráði við landsstjórnina.

3. gr.

Í hverju kaптúni skal vera smjörmatmaður, skipaður af bæjarfógeta eða sýslumanni, launaður með 1% af verði smjörs þess, er hann metur, og skal smjörmatmaður vera kona, þegar þess er kostur. Smjörmatmaður lætur opna hvert smjörilát, sem til landsverslunarinnar gengur, og merkir síðan, eftir gæðum, með bókstöfunum A og B. Þvi smjöri, sem eigi álist verslunarhæft, sje skilað eiganda til fullra umráða þaðan af.

4. gr.

Hámarksverð á smjöri skal í innkaupum vera: A kr. 4,50 og B. kr. 4,00 hvert kg. En útsöluverð ákveður landsverslunarstjórnin á hverjum stað, þó svo, að það sje aldrei meira en kr. 0,50 herra á kg. en innkaupsverð. Hámark tólgarverðs ákveður landsstjórnin. Og hámark smjörverðs getur hún fært upp, ef brýn nauðsyn virðist til. Smjör og tólg, er framleiðandi selur milliliðalaust til neytanda, er undanþegið hámarksverði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er nú yfirvofandi mikil feitmetisekla hjer á landi, bæði í Reykjavík og víðar. Á hinn bóginn mun það vafalaust, að hægt sje að framleiða nægilegt feitmeti handa öllum landslýð hjer innanlands, og hefir ýms-um komið til hugar, að nauðsynlegt muni vera eða verða að knýja framleiðsluna fram með þvingunarlögum. En það verð jeg að álíta neyðarúrræði, er taka verður til í síðustu lög, enda tvísýnt um árangurinn. Eðlilega ráðið til að knýja fram feitmetisframleiðsluna virðist vera að tryggja framleiðendum það verð fyrir vöru sína, sem þeir álíta að á henni þurfi að vera til þess að framleiðslan borgi sig. En slík trygging verður að minni hyggju tæplega fengin, nema með aðstoð þings og landsstjórnar. Af þessum ástæðum er frumvarp það, er hjer ræðir um, einkum komið fram.

Nú sem stendur mun smjörverð á Norðurlandi vera kr. 3,00—4,00 hvert kg., en hjer í Reykjavík alt að kr. 7,00, og virðist það óeðlilegur og óþarflega mikill munur. Ætti það að geta lagfærst fyrir milligöngu þings og stjórnar, á þann hátt, að allir mættu vel við una. Jeg hygg vafalaust, að trygging fyrir kr. 4,00—4,50 smjörverði mundi leiða til aukinna fráfærna að miklum mun á Norðurlandi, þar sem líka vaxandi þörf fyrir aðrar mjaltafjárnytjar vinnur í sömu átt, enda mun hækkun smjörverðs frá því, sem var fyrir stríðið og upp í kr. 4,00—4,50, svara til verðhækkunar á öðrum sauðfjárafurðum. Á hinn bóginn má búast við, að hjer á Suðurlandi þyki þetta oflágt ákvæðisverð, bæði vegna þess smjörverðs, sem nú er hjer í Reykjavík, og ýmsir má ske treysta að verði framvegis, og af fleiri ástæðum. Er því hugsanlegt, að það ákveðna hámarksverð, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu, hafi þau áhrif að draga úr fráferum hjer á Suðurlandi. Til þess að girða fyrir það er í fyrsta lagi það ákvæði frumvarpsins, að landsstjórnin skuli geta fært hámarksverðið upp, ef nauðsyn krefur, og í öðru lagi undanþágan frá verslunareinkarjetti landsstjórnarinnar á því smjöri, er framleiðandi getur selt beint til neytanda; því að samkvæmt henni mundu framleiðendur hjer sunnanlands að líkindum geta selt megnið af sinu smjöri milliliðalaust við því verði, er lýtur almennu lög máli framboðs og eftirspurnar; enda er það og önnur gild ástæða með undanþágunni, að óvinsælt er og óhagkvæmt að skapa milliliði í innsveitisverslun, og yfirleitt þar, sem þess er ekki brýn þörf. Að vísu mundi verð á smjöri landsverslunarinnar að líkindum hafa áhrif til lækkunar á því smjörverði, sem nú er hjer í Reykjavík, en það virðist eftir ástæðum ekki ósanngjarnt. Varhugaverðara er það, að undanþágan getur leitt til erfíðleika, ef til þess kemur, að skamta þurfi feitmeti af yfirvöldum, eins og sumstaðar hefir orðið að gera annarsstaðar, og mundi stjórnin þá líklega verða að grípa til bráðabirgðalaga. En vonandi er, að til þess komi ekki.

Um tólgina er það að segja, að ekki munu verða höfð bein áhrif á framleiðslu hennar með lögum, og einkum þess vegna er landsstjórninni í sjálfsvald sett að leggja á hana hámarksverð. Á hinn bóginn mundi landsverslun geta greitt fyrir tólgarviðskiftunum og varið tólgina fyrir óheppilegu braskaraverði. Um hinar einstöku gr. frumvarpsins skal það að öðru leyti tekið fram, að ákvæði 2. gr. lúta einkum að því að ljetta landsstjórninni yfirsýn yfir framleiðsluna, svo að hún á síðan geti vísað smjörinu þaðan, sem framboðið er mest, og þangað, sem þörfin

er mest. En 3. gr. stefnir að því að tryggja kaupendum gott smjör, og mun enginn telja vanþörf á því, að líkindum.

Um frumvarpið yfirlétt er það að segja, að það stefnir: 1. að aukinni og bættri smjörframleiðslu, 2. að greiðari feitmetisviðskiftum, og 3. að því að fyrirgirða, að feitmetisverði verði hleypt upp af bröskurum og öðrum óþörfum milliliðum. Laun umsjónarmanna og matsmanna eru lögð á smjörið til að forðast útgjöld úr landssjóði, og ákveðin sem lægst, en þó svo, að við megi una. Hrökkvi eigi mismunur á hámarksverði í innkaupum og útsölu til kostnaðar, er þó ætlast til, að það, er á vantar, greiðist úr landssjóði.